

SKÁLASVÆÐI VIÐ HVANNGIL Í RANGÁRÞINGI YTRA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hvanngil í Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð leyfum Rangárþings ytra skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf samþykkis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir nýjum mannvirkjum þ.m.t. vatns- og fráveitu. Áður en leyfi sveitarstjórnar er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2010.

22. september 2010

INNGANGUR

Þann 17. ágúst 2010 tilkynnti Landform ehf., f.h. Ferðafélags Íslands, uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hvanngil í Rangárþingi ytra til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 12 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 11. september 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. september 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. september 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. september 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Ferðafélagi Íslands með bréfi dags. 7. og 21. september 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið hafi verið deiliskipulag af skálasvæðinu við Hvanngil með það markmið að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu. Fram kemur að árábilinu 2002-2009 hafi gistinóttum við Hvanngil fjölgað um 126% eða úr 2.053 (2002) í 2.594 (2009).

Fram kemur að núverandi gistiskáli frá 1994 sé um 79 m² og gert sé ráð fyrir stækkun um allt að 51 m². Hesthús með gistilofti sé 64 m² og gert ráð fyrir endurnýjun og stækkun þess í allt að 100 m². Skálavardahús sé 20 m² og gert ráð fyrir stækkun um allt að 80 m² og þar verði rými fyrir geymslu og hálendisgæslu björgunarsveitanna. Salernishús sé 14 m² og gert ráð fyrir stækkun um allt að 36 m². Byggt verði nýtt allt að 50 m² salernishús við tjaldsvæðið hjá heshúsinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan tæplega 2 ha svæðis í um 560 m h.y.s um 3 km suður af Álftavatni og við Fjallabaksleið syðri.

Fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér breytingar á grunneðli svæðisins. Útlit skálanna verði samræmt m.t.t. litavals, þakhalla og annars útlits og húsin verði á tiltölulega afmörkuðu svæði. Með þessu móti verði dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Framkvæmdin á svæðinu sé hvorki talin hafa neikvæð áhrif á yfirborðsvatn né grunnvatn. Fram kemur að svæði við skálana og allt í kring sé töluvert gróið og aðallega um að ræða grös og mosa. Gróðursetning trjáa, runna og annarra framandi plantna sé óheimil á svæðinu en nota megí staðbundnar tegundir til uppgræðslu. Sorp sé flutt í gáma sem staðsettir eru við fjallveg F210 um 400 m frá gistiskálunum og það síðan flutt reglulega til byggða. Fornleifar hafi verið skráðar á svæðinu og séu 10-30 m vestur af gistiskála, en byggingareitir séu til norðurs og framkvæmdin ógni því ekki minjum en hugsanlega þurfi að merkja minjarnar til að tryggja betur varðveislu þeirra.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd muni koma til með að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna.

Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Svæðisskipulag miðhálandis 2015 og Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og endurskoðun þess sem sé á lokastigi. Framkvæmdin er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Hvanngil dags. 10 maí 2010 sem var í kynningu til 3. ágúst 2010.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að skráðar fornleifar á svæðinu séu 10 – 30 m vestur og suður af gistiskála á milli tjaldsvæðis og skála. Byggingarreitir sem heimili stækkun núverandi húsa snúi til norðurs og ógni því ekki umræddum fornleifum. Núverandi tjaldstæði sé að hluta í vestara hólfi réttar (nr. 678). Í skýrslu framkvæmdaraðila komi fram að merkja skuli tjaldsvæði þannig að ljóst sé hvar megi tjalda og hvar ekki og þannig verði komið í veg fyrir að fornminjar verði fyrir hnjaski vegna uppsetningar tjalda. Fornleifavernd ríkisins telur brýnt að þetta verði gert.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að starfsemin hafi tilskilin starfsleyfi en ný mannvirki þ.m.t. vatns- og fráveitur þurfi samþykki embættisins.

Umhverfisstofnun bendir á að til þess að viðhalda útivistar- og áningargildi svæðisins sé nauðsynlegt að allar framkvæmdir miði að því að draga úr áhrifum framkvæmdanna á landslag, þ.e. mannvirki verði felld sem kostur sé að landi, raski vegna framkvæmda verði haldið í lágmarki og frágangur eftir framkvæmdir verði vandaður.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að F.Í muni beita sér fyrir því að geymslugámur sem staðsettur er sunnan við hesthús verði settur í viðeigandi liti Ferðafélagsins. Gámurinn sé nýttur til geymslu á ýmsum verkfærum og hlutum sem tengjast m.a. félaginu. Ennfremur verði þess gætt að allt efnis- og litaval verði í anda þess sem getið sé um í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun um fjarskiptaloftnet sé ófullnægjandi þar sem ekki komi fram með nægilega góðum hætti gerð mastursins og hugsanleg umhverfisáhrif tengd því.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að hætt sé við að setja upp fjarskiptamastur í Hvanggili. Þess í stað verði stuðst við GSM búnað annarra aðila sem verið sé að koma fyrir víða á fjöllum.

Umhverfisstofnun bendir á að ef styrkja þurfi grassvörð þá verði það gert á varfærinn hátt með staðbundnum grastegundum, hófs sé gætt við dreifingu áburðar á svæðinu og bent á umfjöllun Landgræðslu Íslands um lífrænan áburð og notkun hans við uppgræðslu og til landbóta.

Umhverfisstofnun bendir á að stöðug vöktun svæðisins sé mikilvæg m.t.t. vatnsmengunar og hrossatað fjarlægð á álagstímum og eftir þörfum.

Í svörum Ferðafélags Íslands kemur fram að meðan gæsla er í skálanum sé svæðið í stöðugri vöktun. Mest umferð með hesta sé í einstökum hópferðum og svo í göngum, en þau geymd á vel afgirtu svæði og lítil sem engin hætta á að hrossatað valdi mengun í Hvanggili.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hvanggil í Rangárþingi ytra. Framkvæmdin felst í stækkun skála, skálavarðarhúss, hesthúss með gistilofti og salernishúss og byggingu nýs salernishúss við tjaldsvæðið hjá hesthúsinu.

Heildarstærð núverandi mannvirkja er rúmir 170 m² en getur orðið allt að 430 m² samkvæmt deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir uppsetningu vindskýlis á tjaldsvæði og skjólgirðinga utanum gáma. Skýli og girðingar verði í samræmi við útlit húsa.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar þjónustumiðstöðvar við Hvanngil í Rangárþingi ytra verði óveruleg á náttúrufar, fornleifar og ásýnd svæðisins. Nú þegar eru byggingar á svæðinu og felur framkvæmdin fyrst og fremst í sér stækkun þeirra en auk þess eitt nýtt salernishús. Fram kemur í gögnum málsins að við framkvæmdina sé stefnt að því að mannvirki falli sem best að umhverfi og útlit þeirra samræmt auk þess sem þau þjóni sem best aukinni umferð ferðamanna um svæðið. Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að tjaldsvæði verði merkt þannig að komið verði í veg fyrir að fornminjar verði fyrir hnjaski og telur Fornleifavernd ríkisins brýnt að þetta verði gert. Fjarskiptamastur sem kynnt var í gögnum málsins verður ekki sett upp heldur stuðst við GSM búnað annarra aðila utan svæðisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ferðafélag Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn við Hvanngil í Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfum Rangárþings ytra skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf samþykkis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir nýjum mannvirkjum þ.m.t. vatns- og fráveitu. Áður en leyfi sveitarstjórnar er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif uppbyggingar þjónustumiðstöðvar við Hvanngil í Rangárþingi ytra á náttúru og fornminjar. Fjallað hefur verið um þessi áhrif í umhverfismati deiliskipulags fyrir svæðið og með kynningu þess gafst almenningi tækifæri til að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. október 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson